

Menningarsalur Suðurlands

Fundur í vinnuhópi þri. 23.júní 2020 kl. 8:15.

Mætt: Guðbjörg, Kjartan, Atli og Bragi frá Árborg og Baldur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Fundarmenn kynna sig og Guðbjörg og Kjartan fara yfir sögu málsins hvað varðar menningarsalinn. Baldur nefnir að hann þekki aðeins til uppbyggingar í Reykjanesbæ og nefndi Hljómahöllina í þeim efnum og hvað það skipti miklu máli að hljóðvistin og allur búnaður sé hugsaður strax.

Rætt um næstu skref í verkefningu og þá hvort það ætti að fara fyrst í samkeppni um útlit salarins og síðan verkfræðiþáttinn eða tengja þessa tvo þætti saman strax. Atli nefnir að það sé bara útfærsluatriði hvor leiðin sé farin.

Baldur tekur fram að ráðuneytið sé búið að senda lista til fjármálaráðuneytisins um uppbyggingu menningarsala á Íslandi og menningarsalur Suðurlands er þar inni en ekki komið á hreint hvaða verkefni fái fjármagn á næstu árum en það ætti að skýrast í ágúst.

Rætt um að Bragi og Atli geri tillögu að útboði á útlitsþættinum og skoða hvort verkfræðiþátturinn á að vera með í þessum fyrsta þætti eða ekki. Í þessu ferli skiptir miklu máli að allir geri sér grein fyrir hvað eigi að geta farið fram í salnum en sú vinna er að hluta komin fram í frumdrögunum sem Verkís hafa unnið.

Lagt til að Atli hafi samband við Verkís sem unnu frumdrögin og fái þá með okkur í vinnu við forsögn sem myndi nýtast sem útboðsgögn í hugmyndasamkeppni um útlit salarins. Stefnt á að þessari vinnu sé lokið í lok ágúst.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:55.